

# Fundargerð 396. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2017, föstudaginn 25. ágúst kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðmundur M Kristjánsson, Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Þór Snorrason, Sigrún Árnadóttir í símasambandi, Steinþór Pétursson, Björn Arnaldsson og Lúðvík Geirsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Reglugerð ESB 2017/352- óskað umsagnar - 1707002HA

Lagt fram bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 30. júní 2017, þar sem óskað er eftir umsögn hafnasambandsins um reglugerð ESB 2017/352. Einnig lögð fram drög að umsögn hafnasambandsins um reglugerðina.

*Formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá umsögninni og senda á ráðuneytið.*

### 2. Niðurlagning vita - óskað umsagnar - 1707001HA

Lagt fram erindi frá siglingasviði Vegagerðarinnar, dags. 5. júlí 2017, þar sem óskað er eftir umsögn hafnasambandsins um niðurlagningu vita. Erindið var sent á aðildarhafnir og sveitarfélög þeim tengdum til umsagnar. Umsagnir hafa borist frá eftirfarandi aðilum:

Borgarbyggð, dags. 27. júlí 2017, vegna Kirkjuhólsvita.

Skagafjarðarhöfnum, dags. 22. ágúst 2017, vegna Straumnesvita.

Höfnum Snæfellsbæjar, dags. 24. júlí 2017, vegna Kirkjuhólsvita.

*Stjórn Hafnasambands Íslands leggur áherslu á að breytingar á staðsetningu vita og þjónustu við þá verði framkvæmd að varúð þannig að öryggi sjófarenda sé gætt. Að öðru leyti er vísað til umsagna sem hafnir og sveitarfélög hafa nú þegar sent Vegagerðinni.*

### 3. Rafrænt eftirlit í höfnum - 1704006HA

Lagt fram svarbréf frá Persónuvernd, dags. 31. júlí 2017, við erindi Hafnasambands Íslands og Fiskistofu vegna tilraunaverkefnis um rafræna vöktun hafna.

*Birni og Lúðvík falið að taka málið upp í samráðshóp Fiskistofu og hafnasambandsins.*

#### 4. 100 ára afmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands 2018 - 1708001HA

Formaður segir frá fundi sem hann sat með nefnd um 100 ára afmælis fullveldis Íslands árið 2018. Tilfni fundarins var að athuga hvort og þá hvernig hafnir landsins gætu haft aðkomu að viðburðinum.

*Formanni og framkvæmdastjóra falið að útbúa tillögu að aðkomu hafnasambandsins og leggja fyrir næsta stjórnarfund.*

#### 5. Reglugerð um slysavarnir og öryggisbúnað í höfnum - 1609003HA

Lögð fram til kynningar reglugerð um slysavarnir og öryggisbúnað í höfnum 580/2017. Framkvæmdastjóra falið að senda reglugerðina til aðildarhafna hafnasambandsins.

#### 6. Hafnafundur 2017 - 1610005HA

Lögð fram til kynningar dagskrá Hafnafundar sem haldinn verður á Húsavík 21. september nk.

Fundi var slitið kl. 12:20

---

Gísli Gíslason

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Sigrún Árnadóttir

---

Steinþór Pétursson

---

Björn Arnaldsson

---

Lúðvík Geirsson

---

ritari